



Aðalfundur Foreldrafélags Garðaskóla 2. maí 2012



Dagskrá fundar

- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Reikningar
- Breytingar á samþykktum félagsins
- Kosning stjórnarmanna foreldrafélagsins
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla skólaráðs
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál



Garðaskóli Garðabæ

Skýrsla stjórnar



Garðaskóli Garðabæ

Foreldrafélag Garðaskóla

- Núverandi stjórn foreldrafélagsins var kosin á aðalfundi 31. maí 2010 og 28. apríl 2011

9. grein Grunnskólalaga frá árinu 2008

– *Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.*

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Stjórn Foreldrafélags Garðaskóla



Garðaskóli Garðabæ

- Stjórn foreldrafélags Garðaskóla veturinn 2011 – 2012
- Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi vetrarins:
 - Steinunn Bergmann, formaður
 - Kristbjörg Ágústsdóttir, varaformaður og fulltrúi stjórnar í Grunnstoð Garðabæjar
 - Björn Björnsson, ritari og varamaður fulltrúa stjórnar í skólaráði
 - Ágústa Björnsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í skólaráði
 - Dórothea Jóhannsdóttir, meðstjórnandi og varamaður fulltrúa stjórnar í Grunnstoð Garðabæjar

Verkefni stjórnar í vetur



Garðaskóli Garðabæ

- Að byggja upp samband við bekkjarfulltrúa
- Bekkjarskemmtanir f. 8. bekk og árgangaskemmtanir f. 9. og 10. bekki
- Taka þátt í sameiginlegum fræðslufundi með foreldrafélögum hinna skólanna í Garðabæ
- Skipuleggja foreldrarölt
- Byggja upp sterkari tengsl við skólastjórnendur



Garðaskóli Garðabæ

Svæði foreldra á síðu Garðaskóla



Veftré Starfsmenn Innskráning

Leitarorð

Forsíða

Skólinn

Námið

Nemendur

Foreldrar

Stuðningur

Hagnýtt



Mikilvægt

Opin hús framhaldsskólanna
Fréttabréf ágúst 2009

- Skólakvill



Fréttir

04. febrúar 2010
Skemmtikvöld hjá 10. bekk
Hé arlega skemmtikvöld 10. bekkja verður haldið þriðjudaginn 9. febrúar frá kl. 19.30 – 21.00. Forráðamönnum er boðið með á þetta kvöld og hefur sá háttur verið hafður á að forráðamenn og nemendur leggja til veitingar á Háskóla. Skólinn býður upp á kaffi og gös. [nánar]

27. janúar 2010
Heimsókn á Kjarvalsstaði
Nemendur í fátahönnun ásamt kennara nýttu sér

Myndir úr skólastarfinu



Atkuráðagatal

Skiladagatal

Matsseill

Garðalundur

Eyðublað

Spurt og svarað

Minn Garðabær

Mentor

Vefpóstur

Kennifélag



Garðaskóli Garðabæ

Foreldrarölt

Hvers vegna?

- Tilgangurinn með foreldrarölti er að varna því að unglingar lendi í vanda og koma í veg fyrir hópamyndanir eftir löglegan útivistartíma.
- Nærvera fullorðinna þar sem unglingar hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Með þessu minnkum við líkurnar á að unglingarnir lendi í aðstæðum sem ógna þeim eða hræða.
- Slík nærvera gefur unglungunum líka tækifæri til að leita aðstoðar fullorðinna ef á þarf að halda.
- Skipulögðum göngur í október og nóvember



Garðaskóli Garðabæ

Innlit í starf vetrarins

- Fulltrúaráðsfundur haldinn 11. október 2011
 - Kynning á starfi foreldrafélags og hlutverki bekkjarfulltrúa
 - Væntingar foreldra til foreldrafélagsins og hugmyndir að verkefnum vetrarins
 - Nefnd vegna matarmála og fundur með fulltrúum Skólamatar
 - Gunnar Richardsson forstöðumaður Garðalundar kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar
 - Foreldrarölt, tilgangur þess og hlutverk foreldra
- Fundir með skólastjórnendum
- Viðhorfskönnun meðal foreldra unnin í samstarfi við Gæðanefnd Garðaskóla
- Fundur með bekkjarfulltrúum í 8. og 9. bekk til að ræða tillögur að vorferð þessara árganga og tækifæri til fjáröflunar



Garðaskóli Garðabæ

Póstur til foreldra: Útivistartími

Ágætu foreldrar/forráðamenn nemenda í Garðaskóla!

Nú er skólastarfið hafið af fullum krafti og unglingarnir okkar komnir með krefjandi verkefni í námi og tómsundum. Það er stór áfangi að vera komin í unglingaskóla, kynnast nýjum skóla- og bekkjarfélögum og læra að vinna í nýju umhverfi.

Við viljum benda foreldrum á breyttan útivistartíma sem tók gildi 1. september en þá mega börn 12 ára og yngri vera úti til klukkan átta að kvöldi. Unglingar á aldrinum 13 - 16 ára mega vera úti til klukkan tíu. Virðum útivistartímann foreldrar og verum samtaka um það!

Nýtum hverja stund sem gefst til að vera með fjölskyldunni því samvera skapar góð tengsl. Söfnum góðum minningum saman og gleðjumst með unglingunum okkar.

Stjórn foreldrafélags Garðaskóla

Hátíðarkveðja til foreldra



Garðaskóli Garðabæ

Nú þegar jól og áramót nálgast er gott að minna á mikilvægi samverustunda fjölskyldna um hátíðirnar.

Samverustundir fjölskyldna eru dýrmætar og hvetja unga fólknið til heilbrigðara lífennis. Auk þess sýna íslenskar kannanir að börn og ungmenni vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum en þau gera.

Verum samstíga um að gera gamlárskvöld að hátíðarkvöldi þar sem öll fjölskyldan skemmtir sér vel saman. Með því sjáum við til þess að börnin okkar eigi góðar og jákvæðar minningar frá þessum tímamótum. Mikilvægt er að virða útvistarreglur, standa saman gegn eftirlitslausum unglingspartíum og að vera í góðu sambandi við foreldra annarra barna og ungmenna. Þá er ágætt að minna á rannsóknir sem sýna að með því að útvega börnum sínum áfengi eykst áfengisneysla þeirra sem getur svo ýtt undir að vinir barnanna drekki einnig áfengi.

Með samstilltu átaki undanfarin ár hafa foreldrar í Garðabæ séð til þess að gera aðventu, jól og áramót að friðsælli fjölskylduhátíð. Tryggjum að svo verði áfram.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár
Stjórn foreldrafélags Garðaskóla

Póstur til foreldra: Foreldralaus partý



Garðaskóli Garðabæ

Kæru foreldrar

Af gefnu tilefni er ástæða til að minna foreldra á mikilvægi þess að standa saman og samþykka ekki foreldralaus samkvæmi. Drykkja eða önnur vímuefnaneysla fer síður fram þar sem fullorðnir eru nærstaddir. Við teljum okkur e.t.v. geta treyst eigin börnum en erum við viss um að geta treyst vinum þeirra? Það er virðingarvert að leyfa börnunum að bjóða vinum heim en það er of mikil ábyrgð fyrir börn að sjá til þess að allt fari vel fram þegar foreldrar eru fjarri. Upplýsingar um samkvæmi eru fljótur að breiðast út og hætt við að fjöldi gesta fari úr böndunum. Þegar foreldrar bjóða vinum barna sinna inn á heimili sitt bera þeir ábyrgð á velferð þeirra og við verðum að geta treyst á hvert annað.

Stöndum saman og samþykkjum ekki foreldralaus samkvæmi.

Kveðja
Stjórn foreldrafélags Garðaskóla

Fræðslufundir á vegum Garðabæjar



- Fundur með lögreglu og stofnunum Garðabæjar
- Kynning Rannsóknar og Greiningar á tveimur könnunum sem fjalla um líðan og hagi barna og unglinga í Garðabæi október 2011(5-7 b. og 8-10 b.) Kynningin var öllum opin og mættu 50 manns á fundinn
- Fundur um netnotkun barna og unglinga á vegum forvarnarnefndar Garðabæjar í janúar 2012

Grunnstof Garðabæjar



- Grunnstof Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldra í grunnskólum bæjarins. Hópurinn er skipaður 2 fulltrúum frá hverjum skóla, einum fulltrúa frá foreldrafélagi og einum foreldrafulltrúa í skólaráði. Grunnstof hét áður svæðisráð foreldrafélaga í Garðabæ.
- Fræðslufundur Grunnstofar Garðabæjar var haldin þriðjudagskvöldið 17. apríl kl. 20 í Sjálandsskóla. Umfjöllunarefnið var tölvunotkun



Skýrslur nefnda



Reikningar



Breytingar á samþykktum félagsins



Kosning stjórnarmanna foreldrafélagsins

Steinunn Bergmann og Ágústa Björnsdóttir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn

Björn Heimir Björnsson, Dórothea Jóhannsdóttir og Kristbjörg Ágústsdóttir voru kosin til tveggja ára á aðalfundi 2011 og halda áfram í stjórn

Því vantar tvo fulltrúa í stjórn

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi vetrarins og m.a. ákv. hvert þeirra verður fulltrúi stjórnar í skólaráði.



Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga



Skýrsla skólaráðs



Kosning fulltrúa í skólaráð



Önnur mál